

# Raflásar

## Velferðartæknimat



### Verkefnið

Velferðartæknismiðja Reykjavíkurborgar og Heimaþjónustan Vesturbyggð tóku höndum saman við prófanir á raflásum.

Raflásalausnin Tunstall var prófuð en helsti kostur við þessa tegund er að ekki þarf að skipta um sílindir hjá þjónustuþega og viðkomandi getur notað áfram eigin lykil.

Tilgangur verkefnisins var að meta virði raflása í heimaþjónustu og hvort væri hægt að fækka lykklum í vörslu borgarinnar í heimaþjónustu

Prófanir erlendis hafa sýnt fram á betri nýtingu tíma starfsfólks og aukið öryggi fyrir þjónustuþega.

Þegar prófanir fóru fram voru um 600 lykklar þjónustuþega í vörslu Reykjavíkurborgar.

Prófanir fóru fram árið 2019

Nánari upplýsingar varðandi tæknina og prófanir má nálgast hjá Velferðartæknismiðju Reykjavíkurborgar.

[VTS@REYKJAVIK.IS](mailto:VTS@REYKJAVIK.IS)

### Niðurstöður

Raflásar eru einfaldir í uppsetningu en mikilvægt er að fagfólk sjái um uppsetningu.

Kerfið var ekki sett upp á skilvirkan hátt, ítrekuð vandamál með innskráningu starfsfólks og ekki hægt að mæla árangur varðandi betri nýtingu tíma starfsfólks.

Ekki var nægilegur stuðningur frá þjónustuaðilum Tunstall, engin kennsla var innifalin í tilboði og engin eftirfylgni með tækjum.

Ekki var hægt að fækka lykklum í vörslu Reykjavíkurborgar á prófunartímanum.

Niðurstöður eru ekki í samræmi við reynslu annarra landa af notkun raflása í heimaþjónustu. Endurskoða þarf verkefnið og meta hvort ráðast megi aftur í prófanir með auknum stuðningi sérfræðinga á þessu sviði.

**Prófanir greindu ekki mælanlegan árangur af innleiðingu raflása, en sýndu mikilvægi þess að gera samninga við sérhæfða birgja sem taka virkan þátt í prófunum.**



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið